

M E N N O G M I N N I N G A R

1.

MINNING UM JÓN SIGURBSSON, FORSETA.

Pá eru og í dag liðin 150 ár frá því, að ástmögur Íslands var í þennan heim borinn. Enginn má, enginn getur fagnað endurreisin lýðveldisins, án þess að minnast Jóns Sigurbssonar, svo náið sem saman er ofið ævistarf þessa ágæta manns og endurheimt íslenzks þjóðfrelnis.

Sjónarhóll Jóns Sigurbssonar var svo hár, að hann sá yfir fjöll og firnindi, í allar áttir og langt fram í tímann. Honum skildist til fullnustu að frelsisviðurkenningin ein nægði ekki blendingum, svo sem þá var komið högum þjóðarinnar. Þess vegna barðist hann á tvennum vígstöðvum í senn. Út á við fyrir auknu þjóðfrelnsi. Á heimavígstöðvum gegn fátakt, deyfð, fáfræði og vesaldómi. Hann skildi vel, að það, sem á reið, var að manna þjóðina og mennta á öllum sviðum, vekja metnað hennar og kenna henni að græða óræktaða jörð og berjast við óbliða náttúru, eftir nýjum leiðum. Í allt þetta réðst hann. Öllu þessu stjórnaði hann einbeittur og ákveðinn, stefnufastur en varúðarfullur og aldrei of safenginn. Og fyrir það var dagsverk hans enn risavaxnara, að þessi mikli persónuleiki laðaði að sér marga mikilhæfustu menn þjóðarinnar sem litu á hann sem ókrýndan konung og fylgdu honum oftast fast að málum.

Svo mikill er frægðarljómi stjórnálamannsins Jóns Sigurðssonar, að afrek ví sindamannsins Jóns Sigurðssonar hafa gleymst mörgum. En samt er það staðreynd, að það var ví sindamaðurinn, sem sauð sverðin, sem stjórnálfaringinn barðist til sigurs með. Það var í heimildum sögunnar sem Jón Sigurðsson fann rökin fyrir ágæti þjóðar sinnar og sannanirnar fyrir því að íslendingar hefðu aldrei játaст undir yfirráð neinnar annarrar þjóðar, og ættu því landsréttindi sín óskert. Með bessi gögn í höndunum, barðist Jóns Sigurðsson, æfilangri baráttu, sem, áður en ævisól hans gekk til viðar, hafði skilað þjóðinni furðulang áleiðis og jafnframt varðað leiðina til frelsis það skýrt, að eftirkomendum hans þurfti ekki að verða villugjarnt.

Þjóðkunnur íslendingur sem fæddur er 40 árum síðar en Jón Sigurðsson og kynntist honum á stúdentsárum sínum í Kaupmannahöfn, Lýsti honum oft fyrir mér af mikilli hrifningu. Var ekki greint á milli, hvað hæst gnæfði í huga hans, mannkostir og mannvit eða glæsimennska og tign hins mikla skörungs.

Vafalaust hafa allir miklir menn átt sér slika aðdáendur meðal yngri kynslóðar. Hitt efa ég, að nokkur þjóðforingi, sem á 150 ára afmæli sínu fengi að rísa upp úr gröf sinai, myndi heyra jafn einróma dóm þjóðar sinnar um manngildi sitt og starf, - myndi heyra þjóð sínna mæla einum rómi, að óvenjuleg völd hans og áhrif í lifandi lífi hafa farið sívaxandi, - myndi heyra af hvers manns vörum, að enda bött viðfangsefni nútíðar og framtíðar séu og verði gerólik eim, sem hann glimdi við, þá sé hann sjálfur hin mikla fyrirmynd um stórhug og ættjarðarást.

Til þess að öðlast þennan dóm, nægja tæplega hinar mestu náðargjafir, enda þótt þær á löngum starfsdegi væru allar helgaðar ættjörðinni. Þmsar ytri aðstæður bættu starfsskilyrði Jóns Sigurðssonar. Hann var búsettur í Kaupmannahöfn. Íslenzk öfund car því síður í seilingarhæð við hann, og frelsisoldunarr, sem flæddu yfir Evrópu, náðu honum óbrotnar og fyrr en þær bárust að Íslands ströndum. Allt skóp þetta skilyrði til þess, kraftar hans nytu sín sem bezt og afrek hans yrðu einstæð í sögu landsins.

Margt af þessu hafa án efa margir oft sagt, og þarf engan að undra, svo oft sem þjóðforingjans er getið. Vilji menn heyra sannan dóm þjóðarinnar um Jón Sigurðsson, er hans hvað gleggst að leita í því, að einróma ákváðu forráðamenn þjóðarinnar fyrst að stofna Háskóla Íslands, síðan að endurreisa íslenzka lýðveldið á fæðingardegi hans. Meiri sóma getur engin þjóð sýnt syni sínum.

Fyrir fimmtiu árum var á þessum degi flutt minningarræða af þessum svölum, þar sem ég stand nú, og á eftir henni sungð i fyrsta sinn hið fallega kvæði Hannesar Hafstein, sem hann kallaði Vorvisur á hundrað ára afmæli Jóns Sigurðssonar. Ég vil enda orð míن með því að hafa yfir síðasta erindið úr því kvæði:

Sjá! óskmögur Íslands var borinn
á Íslands vorgróðurstund,
hans vor er í blænum á vorin,
hans vilji og starf er í gróandi lund.
Hann kom, er brautin þunga
stóð þjóðlifs fyrir vori,
hann varð þess vorið unga
með vöxt í hverju spori.
Hundrað ára vor hans vekur
vonir nú um Íslands byggð,
nepjusúld og sundrung hrekur, sofnar lýð í dáð og tryggð.

Megi minning Jóns Sigurðssonar öld af öld sameina hugi
þjóðarinnar í dáð og tryygð, hvenær sem mest á miður.

Megi minning hans ævinlega efla vorhug með íslendingum -
þann hug sem er í ætt við hækkandi sól og vaxandi gróður
og þá árstíð, þeir bjartast er og fegusst á landi
okkar.

Ísland lifi.

Kafli úr ræðu 17. júni 1961.

(Mbl. 20. júní 1961).

2.

FYRSTI ÍSLENZKI RÁDHERRANN, HANNES HAFSTEIN.

Í dag er hálf öld umliðin frá því náð var einum hinum allra merkasta áfanga í frelsisbaráttu þjóðarinnar með flutningi ríkisstjórnarinnar inn í l a n d i o ö. Mun þessa merkisviðburðar og hinum farsælu áhrifum hins aukna þjóðfrelys verða lýst hér í kvöld af öðrum. Mér er þtlað það eitt að minnast hins fyrsta íslenzka ráðherra, Hannesar Hafstein. Mun ég leitast við að bregða upp af honum leiftur mynd. En saga Hannesar Hafstein, mannsins, skáldsins og þjóðforingjans er svo viðbetrðarík og viðamikil, maður sjálfur svo sérstæður og stórbrotinn, að hana segir enginn á fáum mínútum svo vel sé.

Kunnur rithöfundur lýsti einum af forsætisráðherrum Breta með þessum orðum:

"Menn eru fúsir til að deyja með honum, en ekki fyrir hann".

Hér er með orðheppni dregin hin skýra markalína, sem skilur mi milli þess farssæla leiðtoga, sem með einföldum³ og ljósum rökum eða með athöfnum sínum sannar hug sinn og hæfni til þess að efla hagsmuni almennings og aflar sér með því traust og hylli, og hins fátíða foringja, sem auk þess vekur að-dáun liðsmanna sinna, heillar þá og kveikir eld í hjörtum þeirra.

Ég kynntist að sönnu ekkert Hannesi Hafstein þótt ég sái hann oft og heyrði og talaði nokkrum sinnum við hann. En hann er mér þó nokkuð minnisstæður af persónulegri viðkynningu og sá maður sinnar kynslóðar og raunar margra annarra, er ég nú hvað helst kýsi mér að hafa haft náin kynni af og samstarf við. Auk þess fylgdist ég nokkuð með störfum hans a.m.k. er á ævi hans leið og varð síðar, að Hannesi Hafstein látnum, samstarfsmaður ýmsra þeirra, er mest höfðu með honum unnið og bezt þekktu hann. Loks veit ég með vissu hversu miklar mætur ýmsir stjórn-málaandstæðingar Hannesar Hafstein höfðu á honum. Af þessari beinu og óbeinu viðkynningu, tel ég, að af þeim sem ég hef séð eða heyrt hafi Hannes Hafstein öðrum fremur verið fæddur foringi.

Afrek Hannesar Hafstein, kveði hans, ræður og önnur slik gögn, eru að visu sterkir drættir úr stórri mynd. En þessar heimildir einar sýna þó ekki þá mynd af Hannesi Hafstein, sem komandi kynslóðir eiga kröfu á að varðveisst sé og skilðað þeim í hendur. Þar mundi vanta sumt af því, sem einmitt einkenndi þann Hannes Hafstein, sem samherjarnir dáðu og elskuðu. En í því hafa sumir hinna þjóðmerkstu samherja hans að mestu háðið til skila. Hafa þeir skjalfest iftarlegar og skilmerkilegar lýsingar hins stórbrotna persónuleika Hannesar Hafstein, sem a.m.k. í aðalefnum eru beint og óbeint staðfestar af andstæðingum hans í stjórnmálum.

Hafa þannig varðveiszt öll gögn í heildarsögu Hannesar Hafsteini mikið rit, merkilegt og skemmtilegt, ef sá skilar þjóðinni því, sem til þess er hæfur. En æskilegt væri að það drægist ekki lengur úr þessu.

Mér vinnst ekki tími til að gefa mörgum samtíðarmönnum Hannesar Hafstein orðið. Dó get ég ekki stillt mig um að hafa yfir nokkur ummæli ú minningagreinum, sem þeir forsetisráðherrarnir Jón Magnússon og Jón Þorláksson skrifuðu um Hannes Hafstein skömmu eftir andlát hans.

Jón Magnússon segir:

"Degar Hannes Hafstein kom að stjórnálum, var kosinn á Alþingi um aldamótin, fundu menn það fljótt, aðhér var foringinn fenginn. Hann varð og brátt viðurkenndur foringi heimastjórnarfloksins. En hann varð meira en það. Hann var foringi sinnar þjóðar. Hve almennt betta hafi verið viðurkennt þá, eða jafnvel í hans fyrri ráðherratið, sem aðallega markar stjórnálastarfsemi hans um það skal ég ekki segja. En nú er rykið hefur setzt, og Hannes Hafstein stendur á lengdar og í hreinna og skærra ljósi, þá hygg ég það sammæli flestra manna, að hann hafi verið hinn sjálfsagði fæddi foringi".

Og enn segir Jón Magnússon um baráttu Hannesar Hafstein fyrir þjóðfrelsinu:

"Deir menn, sem mest unnu með honum að sambandssamningnum veturinn 1907-1908, meðal þeirra móttöðumenn í stjórnálum, hlutu að dást að því hve einarölega, með hve miklu krafti og festu jafnframt lípurð hann flutti mál Íslands, hversu öflugt hann hélt fram fyllsta rétti landsins gegn Danmörku, enda varð afar mikið á unnið. Þetta var viðurkennt almennt, einnig af andstæðingum hans hér á landi er niðurstaða samninganna varð kunn, - í fyrstu, áður en flokkabaráttan um það hófst. Í baráttunni um það mál komu einna skýrast fram hæfileikar stjórnálamannsins Hannesar Hafstein, kraftar hans, kapp og harðfylgi og aðrir foringjahæfileikar".

Jón Þorláksson segir:

"Mér fór eins og flestum öðrum flokksmönnum hans, að yfirburðir hans á nærfellt öllum sviðum vöktu hjá mér slika aðdáun, að ég var ávallt boðinn og búinn til að leggja fram alla kraftamína undir forystu hans".

Gerir Jón Þorláksson síðan einkar ljósa grein fyrirf "á hve traustum grundvelli þetta fylgi" hans og annarra samherja Hannesar Hafstein var byggt, en ekki vinnst mér tími til að rekja það hér og væri þó bæði til fróðleika og ánægju.

Síðan segir Jón Þorláksson:

"Upp frá þessu (1904) og til 1913 er Hannes Hafstein foringinn, sem kemur í framkvæmd hugsjónum þeim, sem við hinir yngri Heimastjórnarmenn höfðum allir alið í brjósti, en ekki vonast eftir að rætast mundu um okkar daga. Til forystunnar hafði hann alla þá kosti, sem foringja mega prýða eftir íslenzkum hugsunarhætti".

Þetta eru ummæli þessara bjóðkunnu stjórnmalamanna um foringjann Hannes Hafstein, en báðir höfðu þeir náiin kynni af hónum.

Um skáldið Hannes Hafstein segir Einar skáld Kvaran, skömmu eftir að fyrsta kvæðabók hans kom út árið 1893:

"Langflest af kvæðunum í þessari bók eru ort áður en höfundurinn varð 25 ára.... Fullkomnara form en það, sem er á flestum þessum kvæðum, hefur naumast nokkurt íslenzkt skáld haft að bjóða. Og kvæði Hannesar Hafstein eru svo frumleg, að það mun þegar almennt viðurkennt, að með þeim hefjast nýtt simabil í sögu ljóðskáldskaparins hjá þjóð vorri."

Þrem áratugum síðar segir Einar H. Kvaran frá samveru þeirra Hannesar Hafstein og hans í Kaupmannahöfn á árunum 1881-85. - Segir þar um skáldið Hannes Hafstein:

"Ljóð þessa tvítuga manns hafa orðið "Klassisk" Snilld hans hafði lamandi áhrif á suma okkar. Hann orti svo vel, að þeir höfðu ekkilengur ánsægju af að yrkja sjálfir.... enginn burfti að segaj okkur það, að hann mundi verða talinn með mestu skáldum Íslendinga. Við vorum ekki í neinum vafa um, að hann var orðinn það."

Óg enn nær tveim áratugum eftir þetta, árið 1951 kveður annað þjóðskáld, Tómas Guðmundsson, upp svipaðan dóm er hann ræðir um Hannes Hafstein tvítugan og segir:

"Dað hefur enginn Íslendingur ort jafn góð kvæði á þeim aldri."

Skal ég ekki leiða fleiri vitni til staðfestingar yfirburður Hannesar Hafstein, og er þó af miklu að taka.

Hinn 1. febrúar 1904 varð þessi mikilmeði maður æðsti valdamaður þjóðarinnar, ráðherra, hinn fyrsti Íslendingur, sem það tignarheiti bar, hinn fyrsti ráðherra, sem ábyrgð bar gagnvart Alþingi Íslendinga.

Við embættið voru miklar vonir tengdar og maðurinn, sem í það settist varpaði miklum ljóma á það.

Hann var aðeins rúmlega fertugur en hafði þó í meir en two áratugi verið þjóðfrægt skáld og hin síðustu árin einnig landskunnur stjórnsmálmaður. Að sönnu hafði hann á sýslumannsárum sínum rétt færri perlur að þjóð sinni en meðan gyðjan var gjafmildust. En nú hafði hann á ný kveðið sig inn í hvers mannsshjarta og á hvers manns varir, er hann gaf hinni nýju öld í vöggugjöf eitt hið stórbrottnasta kvæði,

innblásið skáldlegri andagift og spádómsgáfu, þar sem hann sagði frá hinum miklu framtíðardraumum sínum. Hefur þar flest eftir gengið svo sem kunnugt er.

Það var ekki að furða þótt ljómi léki um og stafaði af svo stórbrotnum, mikilhæfum og glæsilegum manni er hann í blóma lífsins var hafinn tilæðstu valda á Íslandi með konu við hlið sér, sem jafnvel að glæsileik var honum samboðin. Hitt mun heldur engan undra, sem íslendingseðlil þekkir, þótt nokkur styr staði um hann.

Enn er of skammt um liðið frá því Hannes Hafstein stóð á hátindar frægðar sinnar til þess að men geti öruggleggðað Hannes Hafstein í ljósi sögunnar. Eldheitt fylgim hörð andstaða, að dáun eða öfund eru ótryggir dómar. En einstaka staðreyndir g næfa bó svo hátt og standa svo traustum fótum, að hvorki verða þær duldar, né þeim haggað. Sýnt er, að Hannes Hafstein leggur megin áherzlu á að mennt sé máttur, að efnahagslegt sjálfstæði sé grundvöllur alls sjálfstæðis og að engin þjóð verði öflug nema með því að efla einstaklingana.

Um hið síðastnefnda segir Hannes Hafstein m.a.:

"Því hefur verið slegið fóstu gegnum blóð og baráttum að allir menn eru menn. Það er tímans krafa að hver maður geti orðið sem frjálsastur, mestur og beztur, með því að nota sinn eigin kraft, því að sú frægð að tilheyra forn-kunnri þjóð er létt fyrir svangan maga. Menn vita nú að mennirnir lifa ekki og eru ekki til þess að vera þjóð, heldur þjóðin til vegna þess, að svo og svo margir menn, sem tala sömu tungu, lifa og vinna. Hún er sterk þjóð og merk þjóð aðeins að því skapi, sem einstaklingarnir í henni geta náð að verða sem frjálsastir, mestir og beztir í andlegu, líkamlegu og síðferðilegu tilliti".

Það sem á veltur er þannig að dómi Hannesar Hafstein að mennta bjóðina og að hún efnist. Leiðin, sem fara á er að efla hvern einstakling svo að allir verði þeir, "sem frjálsastir, mestir og beztir í andlegu, líkamlegu og siðferðilegu tilliti". Launin eiga svo að komum að verða bjóðfrelsið, þar eð eigi sé auðið til lengðar að neita sannmenntaðri og efnahagslega sjálfstæðri bjóð um fullt stjórnarfarslegt frelsi.

Hannes Hafstein lifði eftir trú sinni og honum varð að trú sinni. Með valdatöku hans hefjast hér á landi framfarir, sem þegar á allt er litið, verða að teljast stórstígari og fjölpættari, a.m.k. í veraldlegum efnum, en nokkur dæmi eru um í sögu bjóðarinnar, ef til vill að síðasta áratugnum einum undanskildum. Nefni ég þar aðeins sem dæmi að á þeim árum voru menntamálín færð til öndvegis, sæsiminn lagður til Íslands en talsími viða um landið, togaraöldin hófst og verzlunin var flutt inn í landið. Gætir þar að sjálfsgöðu áhrifa hins hukna bjóðrelsис og erlends fjármagns, sem veitt var til íslenzks atvinnulífs um þessar mundir. En ekki er ólíklega til getið, að hinn ungi foringi hafi átta þátt í því hversu fljótt og örugglega athafnabréain brauzt út og hversu risavaxnar urðu framfarir hinnar nýju landnámsaldar, sem hófst með Hannesar tímabilin svonefnda.

Það eru höfuðeinkenni hins sanna foringja að leysa bundin öfl úr læðingi og vekja aðra til mikilla dáða. Hannes Hafstein hafði begið í vöggugjöf flest, sem til þessa þurfti. Hann hafði slegið hörpu sína í áheyrn bjóðarinnar frá því hann var innan við tvítugt og hrifið hugi manna og hjörtu. Hann var vitur maður og einbeittur og kjarkmikill, stórhuga, bjartsýnn og framsýnn, frábær starfsmaður, mikilvirkur og vandvirkur, tilkomumikill og áhrifaríkur ræðumaður glöggur fjármálamaður, höfðingi í lund, alvörumaður en þó gamansamur, látlaus og ljúfur í viðmóti, geðstór, en stilltur vel, mikill

að vallarsýn og rammur að afli, ímynd karlmannlegrar fegurðar og glæsimennsku, og framgangan öll svo tigin að af bar. Strax í æsku fann hann aflið funa í sœnum sér. Hann vissi sig borinn til mikilla afreka og bráði að fá staðfest ást sína til ættjarðarinnar með dáðrikummathöfnum.

Alla æfina hafði Hannes Hafstein séð stórar draumsýnir. En hér hafði mikiekkert gerzt í verfklegum efnum í meir en 10 aldir. Nu stóð þessi glæsilegi foringi í lyftingu, létt gammin geysa og hvatti þjóðina til dáða: "Árdegið kallar áfram stefna sporin, enn er ei vorri framtíð stakkur skorinn", kvað hann.

Slíkur foringi hlaut að verða mikill aflvaki. Hann varð það líka. Með valdatöku Hannesar Hafstein var sem sterkvíðri færi um þjóðarsálina og feykti burtu deyfð og dáðleysi. Sáúst um það verksummerkin á öllum sviðum þjóðlífssins.

Samfara þessu haddi Hannes Hafstein mikil afrek í frelsisbamáttunni út á við. Það er áreiðanlega rétt að með yfirburðum sínum, glæsimennsku og samningshæfni átti Hannes Hafstein ríkari þátt en nokkur annar samtíðarmaður hans í því að vekja skilning Dana áþví að svo mikilhæfri menningarþjóð sem íslendingum hæfði ekkert hlutskipti annað en fullt sjálfstæði og þjóðfrelsi.

Betta er mynd Hannesar Hafstein eins og hún blasir við minum hugskotssjónum. Það varpar skírara ljósi á hann, að menn geri sér grein fyrir, að á hans dögum sóttu hinir beztu menn Íslands fram til þjóðfrelsis í tveim fylkingum og eftir mismunandi leiðum, a.m.k. fræðilega séð. Toldu sumir sigurhæfum legast að leggja megin áherzlu á verklegar framfarir og aukna menntun og menningu þjóðarinnar. Myndi þá þjóðfrelsið sigla í kjölfarið. Aðrir töldu mestu varða að tryggja réttarstöðu landsins. Miðað við það væri allt annað fánýtt.

Mér virðist sem Hannes Hafstein hafi að leikslokum orðið í fararbroddi beggja þessara fylkinga og náð lengra en nokkur samtíðarmannanna.

Um þetta munu menn þó ef til vill deila. Hitt munu allir mæla, að Hannes Hafstein var hugsjénamaður og skáld, sem sá og sagði fyrir um það, sem koma skyldi. Örlögin og yfirburðirnir fengu honum völd í hendur. Þá gerðist hann gerhugull, raunssær og áthafnamikill þjóðforingi, sem hrinti draumsýnum í framkvæmd.

Ég skal ekkert um það staðhæfa hvar á öndvegisbeknum sagan skipar honum sess. En ég trúi því að sess hans verði hár. Ég bykist þess fullviss, að hann verði jafnan talinn meðal mikilhæfustu og beztu sona Fjallkonunnar að fornu og nýju.

Að lokum ætla ég að hafa yfir stuttan kafla úr ræðu eftir Hannes Hafstein, og tvær vísur úr einu kvæða hans. Ég ætla með þessum hætti að bregða upp leifturmynd af Hannesi Hafstein, miklu skýrari mynd en mér myndi takast að móta þótt í löngu máli væri.

Ræðuna flutti Hannes Hafstein þegar síminn var opnaður 1906. Þar segir:

"Ég hygg, að fári geti sem stendur gert sér fyllilega ljóst, hve afarmikla breytingu í ýmsum greinum þessi taki munu hafa í för með sér. Ég vil aðeins taka það fram, að þegar vér segjum að það sé mikil framför að hafa fengið þessi hnoss nútímmamenningarinnar, sem vér höfum svo lengi farið á mis við, þá er það að vísu svo, að það er framför fyrir landið, sem bústað fyrir menn, því það gerir það vistlegra og viðráðanlægra, ef svo mætti að orði kveða. En fyrir þjóðina út af fyrir sig

er það út af fyrir sig ekki nóg til framfara, heldur aðeins vegur til framfara, ef vel er á haldið. Til þess að það verði þjóðinni til sannra framfara, þarf að nota sér það með skynsemi, áhuga og eindlegum framfaravilja. Flug orðanna á vængjum rafmagnsstraumsins kippir svo að segja burt öllum fjarlægðum og vegalengdum milli þeirra, er saman ná að tala gegn um símann eða skytum skiftast, og gerir mönnum þannig svo afar mikið hægara fyriri og fljótlegra að koma fram erindum sínum, en veðr höfum átt að venjast, og við það verður mýmargt létt, sem áður hefur verið ómögulegt, eða allt og erfitt. En ef menn hafa þennan létti aðeins til þess að "auka sér leti", sem kallað er, þá er lítið unnið. Atlunarverk hraðskeytasambandanna í framþróun menningarinnar er að vekja nýtt starf, opna nýja vegin, flýta fyrir að koma meiru og meiru í verk. Ritsímar og talsímar eru ekki komnir til þess að stofna frið ðájörð, heldur ófrið, ekki næði, heldur ónæði, eeki hóglifi og kyrrð, heldur erfiði og starfsemi, tiðari æðaslög, næmari taugar og djarfari hug. Þannig hefur reynzt annarsstaðarog þannig mun missulega einnig reynast hér. Ég hef þá vissu von, að fólk þessa lands muni ekki síður en aðrar þjóðir hagnýta sér þann veg til aukinna framfara og meiri menningar sem símasamböndin geyma, og begar ég se' þessa þráði, sem liggja um endilangt Ísland, sveit úr sveit, þá hlægir mig einkum það, að hugsa til allra þeirra ónótuðu krafta, sem hringjast upp til starfs og striðs viðklukknahljóm rafstraumanna, starfs og striðs fyrir vaxandi menning, efling og uppgræðslu þessa lands, bæði í andlegum og líkamlegum skilningi.²

Kvæðið heitir Ástarjátning til Íslands. Það er framtíðspvi ótrúlegt, að Íslendingur skuli hafa kveðið þetta kvæði innan við tvítugs aldur. En það gerði Hannes Hafstein. Kvæðið leiftrar af ást til ættjarðarinnar, ljómar af stæltum vilja og breki æskumannsins, sem æfinlega langaði til að sjá "hvort sjóðandi straumiðufall eða brjóstprekinn klár hefðust betur". Það lýsir karlmenninu, boðar komu

þjóðskáldsins og lætur skína í foringajann.

Fyrst tjáir Hannes Hafstein settjörðinni ást sína með eldheifum orðum. Siðan segir hann:

Ég óska þessunæstum að óvinaher
þú settir í hættu að verjast,
svo ég gæti sýnt þér og sannað þér
hvort sveinninn þinn byrði ekki að berjast.
Að fá þig hrósandi sigri að sjá
er sætasta vonin, er hjarta mitt á.

Ef verð ég að manni, og veit það sá
sem vald hefur tíða og bjóða,
að eitthvað ég megni, sem lið má þér ljá,
þótt lítið ég hafi að bjóða.
Þá legg ég, að föngum, mitt líf við þitt mál,
hvern ljóðstaf, hvern blóðdroða, hjarta og sáa.

Dannig talaði Hannes Hafstein. Dannig kvað Hannes Hafstein. Með athöfnum staðfesti hann ræður sínar og ljóð. Slikur maður hefði náð hátindi síns heimalands hvar sem í veröld vagga hans hefði staðið.

Útvarpserindi á 50 ára afmæli Heimastjórnar, 4. feb. 1954.
(Lesbók Mbl. 7. febrúar 1954).

3.

HÚN VAR BJARGIÐ - MARÍBRÉT ÞORBJÖRG JENSEN.

Það er hvíld og unaðsrík gleði að hugsa um móður sína. En það er erfitt að tala um hana, a.m.k. við ókunnuga. Ég ræðst þó í að teikna þessa fáu og fátæklegu drætti, úr því að ég var um það beðinn, og af því að mig langar til að halda minningu móður minnar á lofti.

Hún var af fátækum bændafólki komin og aldrei sett til neinna mennta, í þess orðs venjulega skilningi. Faðir hennar, stórbrotið karlmenni, dó ungur frá stórum barnahóp, öllum í ómegð, þegar hún var á þriðja ári. Átti hann þá snoturt bú. En ekkja hans varð skömmu síðar fyrir hverju óhappinu af öðru, og átti brátt lítið annað en fróma og fullægla sál, og barnahópinn. Ekkjan brauzað þó áfram og "komst á sveit með Guðs og góðra manna hjálp", eins og hún svo oft, með auðmjúkum o ginnilegum fögnuði, komst að orði, og naut langrar og hamingjuríkrar elli hjá þessari dóttur sinni.

Barnugg kynntist hún ungum pilti. Dau felldu saman ástarhug. Það var, að því er ég bezt veit, fyrsta og síðasta ást beggja. Dau giftust á unga aldri. Bjuggu í ástríku hjónabandi í 59 ár. Eignuðuat 12 börn. Misstu eitt á fyrsta ári og annað fulltíða. Dóu bæði í hárrí elli.

Heimili þeirra var alltaf mannmargt. Þar var og oft gestkvæmt, einkum meðan maður hennar veitti forstöðu eða rak umfangsmikla sveitaverzlun í fjölmennum héruðum og zaunar einnig eftir að börnin fóru að stálpast.

Hún stjórnaði heimilinu með ró, myndugleik þg prýði, en var jafnframt hægri hönd manns síns í óvenju fjölbreyttu, umfangsmiklu og skapandi starfi hans.

Þetta er það sem flestir, sem einhverjar spurnir hafa af móður minni, vita um hana. Það er þó aðeins rammi um mynd þessarar mikilhæfu og elskulegu konu.

Ég get ekki lýst móður minni svo skammlaust sé. Kannske hefði orðgnótt, ást og skáldleg æð manns hennar enzt til þess. En bezt hygg ég, að mynd hennar hefði notið sín, ef höndin sem skrifaði Njálu, hefði stýrt pennanum.

Ef móðir mínn hefði dáið meðan ég var innan við fermingu, held ég, að ég myndi aðeins eiga af henni daufa mynd af einhverju góðu, sem alltaf hjálpaði okkur öllum, þegar eitthvað bar útaf. Æg held hún hafi verið fremur spör á bliðuatlot, eða kannske voru hlutinnir, sem skipta burfti í, bara of margir og annirnar og miklar. Vist er þó um það, að sá, sem einhvers burfti, hann fékk alltaf nóg. Og aldrei mælti hún styggðaryrði til neins okkar, hvað þá meir, og var þó tilefnið vist oft ærið. Ekkert lyf var til jafns við lófann á mömmu. Þegar hún var nærrí var líka enginn hræddur, heldur ekki þeir, sem kjarkminnstir voru. Hún var bjargið. Guð var góður og mikill, úr því hann var enn betri og traustari en mamma.

Síðar eftir að ég kynntsit móður minni betur, sá hversu hún var manni sínum allt í öllu og skjól barna sinna, tengdabarna og barnabarna, og skildi, hvers vegna allir dáðu hana og elskuðu, veit ég, að hefði hún fallið frá meðan ég var í æsku, myndu viðbrigðin hafa orðið sterkari í endurminningunni en sjálf viðkynningin. Ég held, að þá hefðum við systkynin orðið munaðarlaus. Faðir okkar hefði aldrei rétt við eftir það áfall og aldrei fengið notið hugmyndaauðs síns og athafnaþrár. Það hefði orðið kalt og dimmt á því heimili, likt sem vetrarharkan á sveitabæ, þar sem orkuvélin molmar.

Mynd móður minnar smáskýrðist fyrir mér, eftir því sem mér óx þroski, og sumt skildi ég best af því, sem faðir minn trúði mér fyrir, eftir að hann varorðinn einmana og átti þá helzta huggun að tala um hana. Hún var fátiður persónuleiki, Mikilúðleg, tíguleg og falleg kona, skapmikil og tilfinnangarárik, en fámál og still, og svo dul, að enginn mun hafa þekkt hana til fulls. Þykkjubung, ef henni þótti ódrengilega að farið, en jafnlynnd, góðlynd, rsöm og sterk, svo öllum leið vel í návist hennar, Öhnýsin í annarra mál og fáskiptin af annarra hag, nema til þess að rétta bágstöddum hjálparhönd. Aldrei vissi ég hana segja ósatt orð eða vera óvirðulega. Hún var sél kona og farsæl. Innileg og einlæg í gleðinni og mikil í þrengingum og stórri sorg.

Dannig var þessi kona, sem af öllum, sem ég hef kynnt, gat flestu ráðið með fæstum orðum hjá öllum, sem henni kynntust, og það án þess að nokkur eiginlega veitti því eftirtekt. Aldrei man ég til að hún færði fram mörg rök eða gagnrök. Hún sagði kannske "á" eða "er það". Þá trúði hún ekki á málstaðinn, og þá var oftast hollast að skyggnast betur ogan í kjölinn. En ef hún brosti eða kinkaði kolli, var sjálfsagt að herða róðurinn, og þá var brosíð nýr og sterkur aflgjafi.

Enginn laut þó þessu mjúka waldi né naut þess jafnt og maður hennar. Lundríki hans og hamslaus viljakraftur rak sig þó kannske stundum á þetta bjarg, en meiddi sig áreiðanlega sjaldan. Enginn bekkti betur, né mat meir, þessa rólegu og öruggu dómgreind en einmitt hann. Og vart geta börn þeirra, né aðrir, er til bekktu, hugsað sér nokkurn maka betri en hún var honum í einu og öllu, enda elskaði hann hana og dáði, leyndi því aldrei og átti enga gleði dýpri og einlægari en þá, að sjá aðra gera hið sama. Gáfumaður, sem kynntist þeim báðum, öllum vandalausum betur, á ellíárum þeirra, og dvaldi oftmeð þeim langvistum, sagði, að sér fyndust þau alltaf sem væru þau

í tilhugalfinu "þegar hvorugt má af öðru sjá, og hver stund samverunnar ber í sér sinn fögnuð". Og aldrei var gleði manns hennar sannari né aðdáun hand bjartari en einmitt í ellahá, þegar unga fallega stúlkan hans, sem nú var orðin gömul, margreynd, sannmenntuð og gagnmerk kona, sat sem ókrýnd drottning í ríki sínu og stjórnaði öllu og öllum hávaðalaust og nær orðlaust, aðeins vegna þess, hvernig hún var.

Og nú stóreyma minningarnar inn á mig, því eins og öll börn góðra meðra, sem notið hafa langra samvista, á ég að sjálfsögðu unaðsríkar endurminningar um óteljandi smáatburði. Ein og ein segja þær ókunnugum lítið, þótt allar til samans sýni þær ókunnugum myndina af góðu móðurinni. Þær fylla bók eða bækur. En betta á aðeins að vera stutt grein, helzt sem stytzt. En það skiptir engu. Minningarnar um móður mína lífa jafnt í hugum og hjörtum okkar, sem hana þekktum og áttum, þótt þær öðlist ekki lenga kíf með því að skrást á bókfellið. Og svo veit ég heldur ekki, hvort hún vill leyfa mér að segja mikil. Hún vildi aldrei láta tala um sig.

Örfáum skyndimyndum úr lífi þessarar konu ætla ég þó að bregða upp í þeirri von, að þær skýri og staðfesti orð míni um hana.

Ein fyrsta endurminning míni um móður mína er frá því að faðir manni varð gjaldþrotar. Ég þóttist þá skilja, að eitt hvað illt vofði yfir okkur. En ég þóttist samt ekkert þurða að óttast. Dað markaði ég á svip og láteði móður minnar. Ég man betta betur og minnist á það vegna þess, hversu svipuð atvik endurtóku sig á lífsleiðinni.

Mamma var stundum fátæk, stundum rík, af veraldlegum fjármunum. En hún var alltaf eins.

i Borgarnesi vorum við vel stæð, eftir því sem þá tilokaðist. Á Akranesi tapaði faðir minn öllu sínu og varð gjaldprota. Mamma hafði þá 7 börn á örnumunum. Samt tók hún fjóra skólapilta á heimilið og seldi þeim fæði og húsnæði. Við þurftum víst peninganna með. Pabbi hafið einhverja umsjón með höndum, en reri jafnframt, öðru hvoru, til fiskjar. Það drýgði björgina.

Nokkrum árum síðar eignaðist hún fallegustu íbúfina í höfðustaðnum, ÓAFrikirkjuveg 11. Henni bótti vænt um þau salakynni, einkum eftir að barnabörnunum fjölgæði. Þar eignaðist hún smátt og smátt stóran hóp af nýjum vinum. Hún gætti þeirra eins og barnanna sinna. Og amman varð elskuð eins og mannan. Nú gat hún veitt öllum hópnum. Það ver hennar yndi. Hún hafði víst mikla hjálpu bessi árin. Samt gerði hún alltaf mest sjálf, þótt hún létið aldrei gera neitt. Hún kunni víst að vinna og stjórna í senn.

Síðar valt á ýmsu fyrir henni. Margt breyttist. Eiginlega allt, nema hún. Hún var alltaf eins. Óx aðeins.

Degar móðir mén var um hálf fimmtugt, gaus upp taugaveiki-faraldur á heimili hennar. Tók sótt þessa allt heimilis-fólkid, annað en móðir míni, tvö yngstu börnin og amma míni. Stúlkurnar og aðkomufólk var flutt á Landakotsspítalann, og lezt ein stúlkan þar. Ekki vildi móðir míni heyra nefnt að maður hennar eða börn yrðu flutt af heimilinu. Stundaði hún allan hópinn svo að segja dag og nótt, í margar vikur, ásamt blindri móður sinni, en sá jafnframt um two yngstu drengina, þá 3ja og 5 ára. Naut hún engrar aðstoðar annarrar en þeirrar að hjúkrunarkona kom kvölds og morgna. Voru þó sjúklingarnir oft allóþungt haldnir, og stundum með óráði, margir samtimis. Gekk móðir míni milli sjúklinganna og hlúði að þeim, róleg og æðrulaus, á hverju se, gekk. Er trúlegt, að mikið hafi þá reynt á andlegt sem líkamlegt þrek hennar. En aldrei léti hún á því bera, þá fremur en endranzer.

Í fyrri heimstyrjöld voru maður hennar og elsti sonur á leið heim frá Englandi, er þýzkur kafbátur sökkti skipi því, er þeir voru á, með tundurskeyti. Þrír menn fórust, en að öðruleggi komust skipshöfn og farþegar, þar á meðal feögarnir, heilu og höldnu til Skotlands, eftir 54 stunda siglingu í björgunarbátnum. Fregnin af þessum atburðum barst skömmu eftir að skipið var væntanlegt til Reykjavíkur, og hafði þá enginn ^{haft} áhyggjur af afdrifum þess, a.m.k. ekki umfram það, sem titt var um þeir mundir.

Nokkru síðar bárust móður minni boð frá þeim feðgum um, að þeir væru væntanlegir heim á tilteknum degi og nú með herskipi. Svo fór þó, að sá dagur leið og nokkrir aðrir, án þess að þeir kæmu. Við eldri börnin vorum orðin mjög áhyggjufull, og ekki að ástæðulausu. Má nærrí geta að líkt var um móður okkar. Aldrei varð þess þó vart. En ævilangt man ég gleðiglampað, þegar vinur okkar hringdi frá Grindavík og sagði stórt skip fyrir landi, en bát vera á leið til lands. Viðum við þá, að feögarnir myndu komnir heilir í höfn. En aldrei vissi ég af hennar eigin orðum, hvorki þá né síðar, hvort hún óttaðist meira eða minna um mann sinn og son.

Þegar faðir minn var hátt á sextugs aldri, lá hann nær árlangtog mátti þá eigi á milli sjá, hvort sigra myndi, líf eða dauði. Allan þann tíma stundaðimóðir mínn hann, en stjórnaði jafnframt heimili sínu, eins og ekkerthefði í skorísr. Og ekki gátum við börnin fundið annað en að hún héldi gleði sinni og treysti því jafnan, að faðir okkar fengi fulla heilsu, sem og varð.

Þegar móðir mínn var um sjötugt, var fjárhagur félags þess, er synir hennar áttu og stjórnuðu, orðinn svo þróngur, að lánardrottarnir kröfðust þess, að skuldir félagsins yrðu m.a. tryggðar með jarðeignum og öðrum fjármunum foreldra okkar. Einn okkar bræðra fór þá upp að Lágafelli, en þar bjuggu gömluhjónin á ellíárunum, til þess að ræða mális við þau. Þetta var í skammdeginu og færð í versta lagi.

Degar upp eftir kom, var málíð skyrt fyrir foreldrum minu, Faðir minn var, sum oftar, skjótur til svars. En gamla konan var að bessu sinni ekkert seinni til. Hún sagði bara: "Dví ert þú að brjótast upp eftir í bessu veðri? Eins og þetta sé ekki sjálfsgagt". Þá var það mál útrætt. Gömlu hjónin höfðu veðsett allar eignir sínar til tryggingar vantryggum skuldum sona sinna.

Ekki vissum við börnin, að móðir okkar ynni einu öðru fremur, nema ef vera skyldi yngsta syni sínu. Hann var og yngsta barnið. Hann féll frá um þritugt, frá konu og þrem kornungum börnumpp. Æg held henni hafi verið það þyngar áfall en flest annað, er hana gat hent. Æg veit ekki hvað af sorg hennar faðir minn sá, eða hin unga ekkja. Aðrir kunna af því fátt að segja.

Mér fannst oft sem móður minni væri unun að því að hafa sem flesta afkomendur sína hjá sér. Eftir að hún flutti að Lágafelli, átti hún þess minni kost en meðan hún bjó á Friðkirkjuveg 11. Ein síðasta myndin, er ég geymi af þessari gleði hennar, var á átræðisalmmeli manns hennar. Voru þá gömlu hjónin umkringd ást barna, barnabarna og barnabarnabarna, auk annarra venzlamanna. Þá held ég að ekkert hafi skyggt á gleði hennar annað en fjarvist þeirra mörgu, er ælendis dveldu og gátu því ekki setið hófið. Blíð og fögur gleði gömlukonunnar verður víst flestum, er með henni það kvöld, ógleymanleg, engu síður en styrkleiki hennar gagnvart hversgagslegum viðburðum.

Það amaði aldrei neitt að móður minni. Henni leið alltaf vel, - eða svo sagði hún. - Hún var víst heilsugóð, en væntanlega leið henni líkt og öðrum. Stundum vel. Stundum illa. En hún kvartaði aldrei, og játaði heldur ekki, þótt á hana væri gengið, ef einhver ætlaði að eitthvað væri að.

Detta er fagur kostur. En hann kostaði hana lifið að lokum og raunar mann hennar líka. Hún tók sjúkleika, sem að öllum líkindum hefði verið vel viðráðanlegur, ef leitað hefði verið lækninga í tæka tíð. Hún sagði engum frá óþægindum sínum fyrr en um seinan. Sjálf sá hún þá, hvert stefndi. Hvorki sú vitneskja, né langar líkamlegar þjáningar virtust fá á hana. Hún dó án þess að mæla seðruorð. Er ég þó sannfærður um, að hugsunin um raunir hans, sem eftir varð, hafa kvalið hana. — Þær stóðu í tvö ár. Þá fékk hann lausn, að wísu í hárrí elli, en þó fyrir aldur fram. Hann dó af sorg.

Valtýr Stefánsson, ritstjóri, lýkur gullfallelegum minningars-
orðum um móður mína pannig:

"Þegar ég fyrir nokkrum árum, innti Thor Hensen eftir því,
hvort hann hefði haft konu sína í ráðum með sér í störfum
hans og meiriháttar fyrirætlunum um dagana, gat hann ekki
varizt brosi yfir ókunnugleik mínum.

"Allt okkar líf", sagði hann, "hefur verið eitt samtal".
Betur varð ekki komið orðum að hinu rétta swari.

Það verður hverjum manni minnisstætt, sem hefur fengið tæki-
færi til að kynnast svo fögru ævikvöldi, sem hjónanna á Lága-
felli. Er þau litu yfir farinn veg, yfir skýn og skugga
ævinnar, blasti við þeim, að við hvert fótum höfðu þau leitað
að óskum hvors annars, til þess að graiða götuna, léttu
áhyggjurnar, leiða hugann í i sólarlönd bjartra vona og
endurminninga. Kynni af sliku æviskeiði styrkit þá trú,
að líf manna geti orðið óslitin sólsskinsstund.

A fögru sumarkvöldi horfðum við eitt sinn sem oftar, hinn
átræði öldungur og ég, frá Lagafellshæðinni yfir viðar
ræktarlendur, fjöll og hálsa og sólblikandi voga, dáðumst
að því, hvílikan yndisleik íslenzlur fjalla- og fjarða-
faðmur getur opinberað mannegu auga í kvöldsólinni. Fá-
tækleg orð míð geta litlu lýst af því. Og ekki heldur

hjartans fögnumur húsbondans, er kona hans birtist honum og brosti til hans í kvölsdkininn. Því hún var það fegursta, sem hann hafði kynnzt í lífinu, í sjón og reynd".

Hér segja óvenju fá örð óvenjumikið úr langri sögu þessara gömlu hjóna. Þau kynntust ung og unnust hugástum upp frá því. Unnu hvort að sínu og unnu saman. Áttu langan dag og skilið miklu dagsverki.

Hún treysti manninum sínum.

Hann átti aldri neitt ~~ja~~indýrmætt í því trausti.

(Úr bókinni Móðir mína, útg. Bókfellsútgáfan Reykjavík 1949).